

Fundargerð ársfundar AkureyrarAkademíunnar 2023

Fundurinn var haldinn í húsnæði AkAk, Sunnuhlíð 12, Akureyri, þriðjudaginn 16. maí, kl. 19:30.

Fulltrúar á ársfundi: Aðalheiður Steingrímsdóttir, Bryndís Fjóla Pétursdóttir, Jakob Þór Kristjánsson, Jón Örn Pálsson, Magnús Blöndal Jóhannsson, Margrét Guðmundsdóttir, Sara Stefánsdóttir, Sigurgeir Guðjónsson, Steinunn A. Ólafsdóttir, Þórhallur S. Bjarnason, Þröstur Ásmundsson.

Sigurgeir Guðjónsson stjórnarformaður setti fundinn. Fulltrúar kusu Margrét Guðmundsdóttur sem fundarstjóra og Steinunni A. Ólafsdóttur sem ritara.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og gengið var til dagskrár.

Dagskrá ársfundar

1. Skýrsla stjórnar.

Sigurgeir Guðjónsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsárið 2022-2023, og gerði grein fyrir fjármálum og rekstri, aðstöðu og faglegu starfi, miðlun upplýsinga og ytra samstarfi.

- a. *Fjármál og rekstur:* Rekstrarframlag á fjárlögum til AkAk var 9,7 m.kr. á árinu 2022. Ársreikningur 2022 sýnir jákvæða rekstrarafkomu.
- b. *Aðstaða og faglegt starf:* Nýting á vinnuaðstöðu hefur verið góð og innanhússfólk unnið að fjölbreyttum verkefnum. Keyptur var fjarfundabúnaður til að auðvelda innanhússfólki að vera í námi og sinna öðrum verkefnum óháð staðsetningu, einnig þráðlaus heyrnartól sem innanhússfólk hefur aðgang að og lofthreinsibúnaður til að bæta loftgæði í húsnæðinu. Árleg viðhorfskönnun um aðstöðu og þjónustu var lögð fyrir í maí meðal þeirra sem hafa verið með vinnuaðstöðu á þessu og síðasta ári og verða niðurstöður kynntar á ársfundinum. Árlegur tiltektardagur fór fram í húsnæði AkAk, farið var í vorferð, súpufundir haldnir, bæjarbúum boðið í opið hús og jólaboð fór fram. Vegna framkvæmdanna í Sunnuhlíð 12 til að koma heilsugæslunni fyrir í húsinu seldi AkAk hluta sinn í sameign og lóð til Regins hf. fyrir 4,7 m.kr. Farið verður í breytingar á eldhúsi og opnað út á pall sem verður samnýttur með Samfylkingunni. Framkvæmdir í Sunnuhlíð eru í fullum gangi og er stefnt að verklokum í árslok 2023.
- c. *Miðlun upplýsinga:* Ný vefsíða var unnin í samstarfi við hugbúnaðarfyrirtækið Stefnu sem tekin var í notkun í apríl. Fimm fréttabréf komu út og kynningarbæklingur um AkAk var gefin út á íslensku og ensku.
- d. *Ytra samstarf:* Samningur við Akureyrarbæ felur í sér að AkAk leggur til vinnuaðstöðu fyrir tvo einstaklinga sem vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna sem Akureyrarbær greiðir fyrir. Frá hausti 2021 hafa fimm einstaklingar verið með aðstöðu hjá AkAk í tengslum við þennan samning.

Núverandi samstarfssamningur við HA gildir til september 2023. Haldinn var opinn hádegisfundur um vísindasamfélagið á Akureyri vorið 2022 í samstarfi við HA og tókst hann vel og doktorsnemar í HA heimsóttu AkAk í september.

Samstarf við ReykjavíkurAkademíuna fór á flug á árinu. Þrjú fulltrúar AkAk sóttu málþing í tilefni af 25 ára afmæli RA sem fór fram í nóvember. Í febrúar áttu stjórnir akademíanna sameiginlegan fund um aðild akademíanna að IRIS rannsóknupplýsingakerfinu. Eftir fundinn tók stjórn AkAk þá ákvörðun að ekki væri tímabært að sækja um aðild að IRIS að sinni en að fylgjast með framvindu kerfisins og að skoða þá aðild síðar. Stjórn RA samþykkti að sækja um aðild að IRIS. Í mars sl. hittust félagar akademíanna í Húnavatnssýslu þar sem m.a. var rædd aukin samvinna.

Áframhald hefur verið á fyrirlestrum fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa. Alls voru haldir fjórir fyrirlestrar á starfsárinu og sóttu þá 170-180 gestir.

AkAk fékk styrk frá Menningarsjóði Akureyrar til að vera með fjóra viðburði í tengslum við 160 ára afmæli Akureyrarbæjar. Haldnir voru tveir fyrirlestrar (um skipulagsmál og Davíð Stefánsson skáld), ein söguganga (skólasögustrætó) um menntun og frístundir barna á Akureyri og málþing í Hofi um íslenskufærni innflytjenda. Um 230 gestir sóttu viðburðina.

Farið var af stað með Bakarís-fyrirlestra í samstarfi við Brauðgerðarhúsið í Sunnuhlíð. Fyrsti fyrirlesturinn fór fram í febrúar og er stefnt að því að bjóða upp á fleiri fyrirlestra í haust.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar.

Bent var á að í skýrslunni væri ekki fjallað um styrkumsókn AkAk til Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra í samstarfi við Arf Akureyrarbæjar, Minjasafnið á Akureyri og Sögufélag Eyfirðinga vegna verkefnisins *Vissir þú. Sögustaurar um sögu og mannlíf í Akureyrarbæ*. Umsóknin fékk ekki brautargengi hjá sjóðnum og var AkAk hvött til að sækja um aftur að ári. Upplýst var að í skýrslunni er viðmiðið að greina frá styrkjum sem fengust til viðburða og verkefna en ekki styrkumsóknum sem fengu ekki brautargengi.

2. Endurskoðun reikninga.

Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri stjórnar, kynnti ársreikning AkureyrarAkademíunnar 2022. Rekstrartekjur eru 18,1 m.kr, þar af er framlag ríkis 9,7 m.kr., leigutekjur 2,6 m.kr. og aðrar rekstrartekjur 5,8 m.kr. Í öðrum rekstrartekjum eru félagsgjöld kr. 64.000, styrkir og önnur framlög eru 1,0 m.kr. og 4,7 m.kr. eru vegna sölu til Regins hf. á hlut AkAk í sameign og lóð í Sunnuhlíð 12 í tengslum við framkvæmdir við að koma upp aðstöðu í húsinu fyrir heilsugæsluna á Akureyri. Rekstrargjöld eru 12,4 m.kr., þar af er verkefnakostnaður 2,6 m.kr., laun og launatengd gjöld 4,6 m.kr., rekstur fasteignar 2,5 m.kr., annar rekstrarkostnaður 1,9 m.kr., og afskriftir kr. 656.000. Rekstrarhagnaður ársins 2022 er 5,7 m.kr. og rekstrarafkoma er jákvæð um 4,3 m.kr þegar búið er að taka tillit til vaxtatekna og vaxtagjalda.

Gjaldkeri, formaður og framkvæmdastjóri svöruðu spurningum fulltrúa um fjármál AkAk. Rætt var um að nota jákvæða rekstrarstöðu AkAk til að uppfæra búnað í húsnæðinu.

Ársreikningur var borinn undir atkvæði og samþykktur einróma.

3. Upptalning fulltrúa.

Aðalheiður Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri, las upp nöfn 37 fulltrúa, sem greiddu árgjald fyrir ársfundinn.

4. Kjör formanns og fulltrúaráðs. Ársfundur kýs sjö manna fulltrúaráð úr röðum skráðra fulltrúa. Stjórn er skipuð þremur einstaklingum úr fulltrúaráði. Formaður er kosinn sérstaklega. Fulltrúaráð kýs úr sínum röðum gjaldkera og ritara.

Fundarstjóri las upp nöfn þeirra sem hafa boðið sig fram til formanns og fulltrúaráðs:

- a) Sigurgeir Guðjónsson, formaður
- b) Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri
- c) Sara Stefánsdóttir, ritari
- d) Gunnar Árnason, fulltrúaráð
- e) Jakob Þór Kristjánsson, fulltrúaráð
- f) Jón Hjaltason, fulltrúaráð
- g) Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúaráð

Fulltrúar kusu formann og fulltrúaráð með lófataki. Ofantaldir fulltrúar skipa stjórn og fulltrúaráð AkureyrarAkademíunnar á starfsárinu 2023 til 2024.

5. Fjárhagsáætlun og árgjald.

- a) Framkvæmdastjóri lagði fram rekstraráætlun fyrir árið 2023 sem send var til ráðuneytis í byrjun þessa árs. Flestir liðir eru samkvæmt áætlun. Miðað við stöðu þann 12. maí eru rekstrartekjur um 46% af áætlun og rekstrargjöld eru um 37% af áætlun.
- b) Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um að hækka árgjald úr kr. 1.500 í kr. 2.000. Árgjaldið hefur verið óbreytt í fjölda ár. Tillagan var samþykkt einróma.

6. Breytingar á skipulagsskrá.

Stjórn lagði ekki til breytingar á skipulagsskrá.

7. Önnur mál.

- a) Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður viðhorfskönnunar AkAk 2023 um aðstöðu og þjónustu. Könnunin var send til þeirra sem voru með vinnuaðstöðu hjá AkAk á síðasta og þessu ári, samtals 19 manns og var þátttaka um 68% (13 af 19 svöruðu). Niðurstöður könnunarinnar voru almennt jákvæðar. Helstu ábendingar lutu að borðum og stólum, loftgæðum og betra afdrepi fyrir símanotkun, og greinilegur áhugi kom fram um að hafa vatnsvél í húsnæðinu. Rætt var um uppfærslu á búnaði í húsnæðinu í samræmi við niðurstöður könnunarinnar.
- b) Rætt var um framkvæmdir í Sunnuhlíð vegna heilsugæslunnar og um breytingar á eldhúsinu í húsnæði AkAk. Framkvæmdir eru nokkurn veginn á áætlun og ráðgert er að gera dyr í sumar úr eldhúsinu út á pall sem verður samnýttur með öðrum eiganda í húsinu. Rætt var um að fá teikningar af breytingum hjá verktakanum sem sér um framkvæmdirnar í Sunnuhlíð 12.
- c) Formaður sagði frá fyrirhugaðri vorferð fulltrúa til Seyðisfjarðar í júní. Póstur fer fljótlega til fulltrúa um vorferðina og að þeir staðfesti þátttöku sína í ferðinni.

8. Fundi slitið.

Ekki var fleira rætt og sleit fundarstjóri fundi kl. 20:55.

Steinunn A. Ólafsdóttir ritaði fundargerð.